



15. desember 2023

Tilv.: 2303054

Dreifibréf nr. 54/2023
Til fjármálafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að uppfærðum Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Seðlabanki Íslands hefur gefið út nýtt umræðuskjal nr. 18/2023 sem inniheldur drög að endurskoðuðum *Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum*. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 7. útgáfu almennu viðmiðanna og 5. útgáfu viðauka þeirra.

Markmið hinna almennu viðmiða er að skilgreina og kynna með almennum hætti aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli og álagspróf (SREP) ([EBA/GL/2022/03](#)) fela í sér ítarlegri lýsingu á aðferðafræðinni sem fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt við eftirlitsframkvæmd sína og vísast því almennt til þeirra til nánari skýringa.

Í drögum að hinum almennu viðmiðum hafa einungis minni háttar efnislegar breytingar verið gerðar. Auð þess hafa orðalagsbreytingar verið gerðar og ýmsar leiðréttingar.

Við endurskoðun á viðauka 1, sem fjallar um útlána- og samþjöppunaráhættu, hefur meðal annars viðmiði um útlánavöxt verið breytt að því leyti að hugsanleg viðbótareiginfjárförf vegna útlánavaxtar geti ekki orðið lægri en sem nemur 50% af kröfu um viðbótareiginfjárförf samkvæmt næstliðnu könnunar- og matsferli. Í ljósi þess að til skoðunar er að fella niður lánasafnsskýrslu fjármálaeftirlitsins (LPA), sem hefur verið nýtt við mat á viðbótareiginfjárförf vegna vanefnda og ívilnunar, verður samhliða stuðst við nýtt viðmið sem byggir á öllum lánnum til lánþega sem eru með eitt eða fleiri lán sem flokkuð eru í skilum en með ívilnun (e. performing with forbearance). Jafnframt hefur stuðull í viðmiði vegna lántakasamþjöppunar verið lækkaður úr 1,96 í 1,6, ásamt því að tiltekið lágmark hefur verið sett á viðbótareiginfjárkröfu vegna lántakasamþjöppunar, þegar flóknari aðferðafræði er beitt við matið.

Viðauki 2, sem fjallar um markaðsáhættu, hefur meðal annars verið uppfærður vegna verðtryggingaráhættu. Nánar tiltekið hefur eldra viðmið verið uppfært með tilliti til nýrra gagna og skýringa á því hvernig umfang áhættulauss verðtryggingarjafnaðar er reiknað.

Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á viðauka 3 sem fjallar um eiginfjáráuka. Einungis fáeinir orðalagsbreytingar og leiðréttingar.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við þær breytingar sem gerðar hafa verið í drögunum. Skjölín eru jafnframt birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 27. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal senda á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kristín Logadóttir
staðgengill framkvæmdastjóra
varúðareftirlit

Pálmi Reyr Ísólfsson
forstöðumaður
varúðareftirlit

